

Nd.

193. Nefndarálit

[14. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og sent til umsagnar eftirtalinna aðila: Ferðamálaráðs, Eimskipafélags Íslands, Flugfélags Íslands, Loftleiða, Ferðaskrifstofu ríkisins og þeirra ferðaskrifstofa annarra, er nú starfa hérlandis, svo og Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna. Nefndarmenn eru allir sammála um meginefni frv., en áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, ef fram kunna að koma.

Alþingi, 17. des. 1968.

Sigurður Bjarnason,
form.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson,
frsm.

Steingrímur Pálsson.

Jónas Árnason.

Guðl. Gíslason.